


GRUNNMYND, 2. HÆÐ m 1:200

GRUNNMYND, 1. HÆÐ m 1:200

YFIRLITSMYND




ÞÖK




SVEIGJANLEIKI




UMFERÐ




# NÝTT FANGELSI Á HÓLMSHEIÐI - REYKJAVÍK



81523




SUÐAUSTURHLIÐ m 1:200




NORÐVESTURHLIÐ m 1:200



kefaeining




SUÐVESTURHLIÐ m 1:200




NORÐAUSTURHLIÐ m 1:200



grænn innigarður



verslun og grænn innigarður

# NÝTT FANGELSI Á HÓLMSHEIÐI - REYKJAVÍK

03 81523





klefar vistmanna







KLEFI 1. m 1:50

KLEFI 2. m 1:50



KLEFI FYRIR HREYFIHAMLAÐA m 1:50



vöru- og fangamóttaka



innigarður að næturlagi



innigarður



aðalinngangur



SKURÐUR B-B m 1:200



SKURÐUR A-A m 1:200

# NÝTT FANGELSI Á HÓLMSHEIÐI - REYKJAVÍK

## Tillaga númer 12, auðkenni 81523
## Tillaga tekin til nánari skoðunar.

Höfundar: Akos Doboczy arkitekt (England)
András Árvai arkitekt (Ungverjaland)
Gestur Ólafsson arkitekt og skipulagsfræðingur
Zoltán V. Horváth arkitekt



Tillagan er í meginatriðum skýr og vel framsett.
Afstöðumyndin sýnir einkar vel sterka formhugmynd. Staðsetning sparkvallar nærri aðkomu er ekki heppileg. Áhugaverðar eru hugmyndir höfundar um formun útivistargarða úr þeim jarðvegi sem til fellur á byggingartíma. Jákvæð er áhersla höfundar á aukna skógrækt á svæðinu til skjólmyndunar. Torfþök stuðla að aðlögun byggingarinnar að umhverfinu.

Aðstæður og útfærsla aðalinngangs eru flóknar og ómarkvissar. Tengsl heimsóknarrýma við anddyri eru ekki vel leyst. Tiltölulega langt er á milli innganga í fangelsið, annars vegar fyrir gangandi, hins vegar vegna flutninga fanga og varnings sem skapar ákveðið óhagræði í rekstri og mönnun fangelsisins. Aðalvarðstofa er staðsett nokkuð miðlægt en engu að síður er langt á milli aðalvarðstofu og einangrunardeildar, bið- og öryggisklefa. Löng leið er frá aðalvarðstofu að miðlægri starfsemi fangelsisins. Tæknirými ofan á aðalvarðstofu orkar tvímælis. Jákvæð eru bein tengsl aðalvarðstofu við útigarð. Mjög langar leiðir og hlykkjóttar eru úr aðalvarðstofu í þær fangadeildir sem fjærst henni eru.

Óljóst er hvort höfundur uppfylli kröfur samkeppnislýsingar um aðskilnað fangahópa og er þá átt við sjóntengsl milli fangadeilda um útigarða. Sveigjanleiki í notkun gæsluvarðhaldsdeildar er ekki nægilegur þar sem átta einangrunarklefar verða alltaf uppteknir fyrir einangrun Samliggjandi útivistargarðar í gæsluvarðhaldsdeild eru óheppilegir. Ýmsir hnökrar eru á innra fyrirkomulagi heimsóknardeildar. Vel er þó séð fyrir útisvæðum heimsóknardeildar. Of langt er frá kvennadeild að heimsóknaraðstöðu og miðlægri þjónustu sem sá hópur notar mest.

Innra skipulag fangaklefa er ekki sannfærandi og þá sérstaklega snyrting. Útsýnisstýring úr klefum er þó jákvæð sem og aðgengi að lagnavegg frá gangi. Útlit og heildaryfirbragð tillögunnar er formfast og áhugavert. Útivistarsvæði deilda eru öll á sömu hlið sem almennt telst neikvætt. Aftur á móti virðast svæðin vera afmörkuð með jarðvegsmönum auk girðinga sem dregur úr þeim ágalla.

### NIÐURSTAÐA

**Þrátt fyrir ýmsar áhugaverðar áherslur höfundar, gott fyrirkomulag á deildum, sterka formhugmynd og líflega útlitsformun eru á tillögunni umtalsverðir starfrænir annmarkar. Sveigjanleiki er ekki fullnægjandi þar sem átta einangrunarklefar eru alltaf fráteknir fyrir einangrun.**